



BETRI VINNUTÍMI

3. skref
Umbótasamtal

Umbótasamtal við starfsfólk um styttingu vinnuvikunnar

haust 2020



Skref 3 við innleiðingu betri vinnutíma



Markmið samtalsins

- Kynning á verkefninu betri vinnutími
- Kynna niðurstöður greiningarvinnu vinnutímahóps
- Fá fram hugmyndir starfsfólks um betri nýtingu vinnutímans til að ná fram styttingu vinnuvikunnar
- Fá fram afstöðu starfsfólks um styttingu vinnuvikunnar



STYTTING VINNUVIKUNNAR

Af hverju?

- Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og starfsstaða með betri vinnutíma
- Tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg frá árinu 2015
- Styttling vinnuvikunnar hefur verið helsta baráttumál stéttarféлага sl. ár



Af hverju að stytta vinnuvikuna?

Hvert er markmiðið?

- Markmið styttingar vinnutímans er að **bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma.**
- Með **umbótasamtali** má auka skilvirkni, bæta þjónustu og tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika starfsfólks og starfsstaða sem og samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs.



Hlutverk vinnutímahóps

- Undirbúa verkefnið með upplýsingaöflun, kortlagningu og greiningu og skilgreinir helstu tækifæri til umbóta
- Boða til fundar með starfsfólki starfsstaðar til að ræða breytingar á vinnutíma
- Vinna úr samtali við starfsfólk og gera tillögur að breyttu skipulagi vinnutíma sem og skipulagi hléa
- Tilnefna fulltrúa vinnutímahóps (starfsfólks) sem tekur þátt í samráðsfundi starfsstaða
- Kynna tillögur til atkvæðagreiðslu fyrir starfsfólki og stjórnendum.



INNLEIÐINGARFERILL – 9 SKREF






Hvernig er hægt að stytta vinnuvikuna?

- **Forsenda** styttingar vinnutíma hjá dagvinnufólki er samtals um **betri nýtingu vinnutíma**.
- Við styttingu umfram 65 mínútur gefur starfsfólk eftir forræði neysluhléa að hluta eða fullu og tímalengd hléa er aðlöguð að styttri vinnuviku.
- Útfærsla styttingarinnar tekur mið af starfsemi og getur því verið með ólíkum hætti.




Stytting án breytinga á hléum

Í DAG




DAGLEGA

STYTTING UM 13 MÍN.



EINU SINNI Í VIKU

STYTTING UM 65 MÍN.




- Er 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku
- Þá haldast hlé skv. kjarasamningi óbreytt



Aukin stytting og útfærsla breytinga hléa

- Hægt er að ná fram meiri styttingu með því að útfæra hlé sem er á forræði starfsmanna á annan hátt.
- Með því að stytta hlé úr 35 mínútum í til dæmis 20 mínútur alla virka daga styttist hver dagur um 28 mínútur eða 140 mínútur á viku

Í DAG





DAGLEGA

STYTTING UM 13+15 MÍN.

EINU SINNI Í VIKU


STYTTING UM 140 MÍN.





Stytting um 4 klst. á viku

- Til að ná fram hámarks styttingu veður grein 3.1 um matar- og kaffitíma á dagvinnutímabili óvirk
- Starfsfólk gefur eftir forræði á matar- og kaffitímum og tímalengd hléa verður aðlöguð að styttri vinnuviku





Niðurstöður greiningarvinnu vinnutímahóps

- Hér setur vinnutímahópurinn inn sína niðurstöðu á greiningarvinnu



1. Hvaða tækifæri felast í styttingu vinnutímans fyrir þig?



2. Hver gæti ávinningur starfsstaðarins verið?



3. Hverjar eru ykkar hugmyndir að umbótum svo unnt sé að koma á styttingu vinnutímans?

Leitað er eftir mörgum hugmyndum sem vinnutímahópurinn mun nýta í vinnu sinni. Í samtalinu á þessu stigi er lagt til að miða við 4 klst. styttingu.



Umræðupunktur fyrir umbótasamtal

- Er verkaskipting skýr?
- Er ábyrgðasvið skýrt?
- Er skýrt hver hefur heimild til ákvarðana?
- Er hægt að hraða veitingu samþykkis til að forðast tafir?
- Er jafnræði í dreifingu verkefna?
- Er dreifing verkefna góð eða eiga mál það til að stoppa hjá einum/fáum?
- Er góð samvinna milli starfsfólks, sviða og deilda?
- Hafa allir fengið viðeigandi þjálfun til starfa?
- Er hægt að draga úr skreppi?
- Er hægt að draga úr eða senda á markvissari hóp tölvupósta?
- Er hægt að spara tíma með markvissari námskeiðum eða fræðslu? S.s. með fjarnámi? Ef hæfni starfsfólks fullnýtt?
- Er upplýsingaflæði gott?
- Er gott vinnunæði?
- Er starfsandinn góður?
- Eru áherslur og forgangsröðun skýr?
- Er of mikið eða of lítið af fundum?
- Eru fundir vel undirbúnir?
- Er fundum vel stýrt?
- Er hægt að einbeita sér að einu eða fáum verkefnum í einu?
- Er hægt að vinna verkefni betur til að fyrirbyggja að vinna þurfi þau aftur?
- Er hægt að minnka undantekningar frá verkferlum/vinnulagi?
- Er hægt að vinna sér í haginn fyrir árstíðabundnar sveiflur?
- Er eingöngu verið að skrá nauðsynlegar eða gagnlegar upplýsingar?
- Er verið að skrá inn sömu upplýsingar oft en einu sinni?
- Er verið að skrá inn sömu upplýsingar í mismunandi kerfi?
- Er hægt að minnka ferðatíma, flutning eða tilfærslu starfsfólks milli staða?
- Má nýta fjarfundabúnað betur?
- Er hægt að bæta tímastjórnun með betri tækni?
- Eru uppfærðar og réttar upplýsingar aðgengilegar?
- Tala upplýsingakerfin saman?
- Er verið að safna og vista óþarfa gögnum?
- Er hægt að stytta tíma við leit að gögnum?
- Er hægt að stytta biðtíma vegna yfirferðar/yfirlesturs á gögnum?



4. Hversu mikið viltu stytta vinnutímann?

Skoðanakönnun þar sem hver og einn gefur upp vikulega vinnutímastyttingu sem honum/henni hugnast. Niðurstöðurnar eru leiðbeinandi fyrir vinnutímahóp.



5. Hvernig útfærsla á styttingu vinnutímans hentar starfsfólki og starfseminni miðað við styttri vinnutíma?

Leitað er eftir hugmyndum að vinnutímaskipulagi sem er líklegt til að ganga upp á vinnustaðnum og nýtist starfsfólki.

<i>Dæmi um útfærslur</i>	4 klst á viku	65 mín á viku
Dagleg stytting	48 mín	13 mín
Stytting tvisvar í viku	2 tímar	30 mín
Vikuleg stytting	4 tímar/hálfur dagur	65 mín
Stytting á tveggja vikna fresti	8 tímar/heill dagur	2 tímar og 10 mín



Breytingar á vinnufyrirkomulagi kalla á

- Að traust ríki milli starfsfólks og stjórnenda um breytta vinnutilhögun með styttri vinnuviku
- Að allir aðilar tileinki sér nýja starfshætti þegar samþykkt tillaga um styttingu liggur fyrir



Næstu skref

- Vinnutímahópur vinnur úr hugmyndunum og mótar tillögur
- Fulltrúar úr vinnutímahópi kynna tillögurnar á samráðsfundi með öðrum starfsstöðvum og fá að heyra tillögur annarra
- Vinnutímahópur þróar eftir atvikum tillögurnar frekar að loknum samráðsfundi með fulltrúum annarra starfsstaða
- Tillögur kynntar
- Atkvæðagreiðsla



Takk fyrir!

minnum á að allar upplýsingar er að finna inn á
reykjavik.is/betrivinnutimi

